

# Akureyri – skapandi bær

## Vinstri græn gera gangskör

### Akureyri heilbriggt samfélag

- Akureyri verði samfélag án aðgreiningar þar sem velferð allra er borin fyrir brjósti.
- Öruggt umhverfi þar sem unnið er gegn hvers konar ofbeldi, mismunun og fordómum.
- Markmið þjónustu bæjarins verði gæði en ekki sparnaður.
- Sveitarfélagið taki við málefnum aldraðra, heilsugæslu og félagsþjónustu frá ríkinu og nægjanlegt fjármagn fylgi með.
- Fjölbreyttari úrræði í þjónustu fyrir aldraða þannig að þeir geti sem lengst verið heima.
- Akureyri eignist hæfilegan fjölda þjónustuíbúða í öllum bæjarhlutum sem leigðar verði út til þeirra sem þurfa sérstaka þjónustu eða heimahjúkrun.
- Tryggð verði næg hjúkrunarrými fyrir aldraða.
- Auka þarf starfsemi Greiningarstöðvar ríkisins vegna þroskafrávika nemenda í leik- og grunnskólum.
- Efla þjónustu og endurhæfingu fyrir geðfatlaða utan stofnana.
- Bæta húsakost fyrir Lautina, athvarf fyrir fólk með geðfötlun.
- Koma upp dagdeild fyrir aldrað fólk með þroskahömlun og veita aukna heimþjónustu í veikindum.
- Byggja Kristnes enn frekar upp sem kraftmikla endurhæfingarmiðstöð.
- Sjúkrahótel verði byggt upp í tengslum við FSA.
- Auka stuðning Krabbameinsfélagið, Hetjurnar, Samtök sykursjúkra, Félag hjartasjúklinga og fleiri slíkra félaga.
- Aflið – systursamtök Stígamóta – fái varanlegt húsnæði og starfsemi þess tryggð.
- Efla grunnþjónustu, bæði félagsþjónustuna og heilsugæsluna, allir eiga að hafa sinn heimilislækni.
- Sjá til þess að rekstur líknaardeildar við FSA hefjist sem fyrst.
- Endurbyggja Dvalarheimilið Hlíð þannig að allir eigi kost á eigin herbergi.
- Hreyfing verði kostur í heilbrigðiskerfinu, markvisst átak í samvinnu heilsugæslu og Félag eldri borgara.
- Hæfingarstöðin við Skógarlund verði stækkuð og efld.
- Tryggja áframhaldandi starfsemi Plastiðjunnar Bjargs – Iðjulundar.
- Akureyri verði þekkt sem heilsulind og ferðaparadís þar sem menningartengd og umhverfistengd þjónusta er fyrsta flokks.

### Aðgengi fyrir alla alls staðar

- Fyrirmyndaraðgengi fyrir alla um allan bæ.
- Framtíðin felur í sér að að nota almenningssamgöngur mun meira en nú er. Gjörbreyta þarf strætisvagnakerfinu þannig að það verði raunverulegur valkostur í daglegum ferðamáta. Nýtt kerfi, fleiri leiðir, tíðari ferðir og tímabundin gjaldfrjáls þjónusta.
- Taka upp sumarastur SVA að tjalðsvæðinu við Hamra, að Kjarnaskógi og að Flugvellinum.

### **Hreint og umhverfisvænt samfélag**

- Akureyri verði fyrirmyndarbær á sviði umhverfismála.
- Umhverfisvísar verði hannaðir og notaðir til að meta stöðu í umhverfismálum.
- Grænar tunnur til moltugerðar og stóraukin flokkun og endurvinnsla.
- Flokkunartunnur á öll heimili og fyrirtæki.
- Útbúa aðstöðu til jarðgerðar á láglandi.
- Svifrykið burt, mælistöð sett upp til vöktunar á andrúmsloftinu og íbúar upplýstir þegar efni í andrúmslofti fara yfir heilsuverndarmörk.
- Fyrirtæki í bænum setji sér umhverfisstefnu.
- Byggja upp rannsóknarstofnun á sviði endurvinnsluiðnaðar við Háskólann á Akureyri þannig að Akureyri verði leiðandi á sviði endurvinnslu.
- Hraða framkvæmd á sjálfbæru samfélagi í Hrísey.
- Endurnýjanlegir orkugjafar hafi forgang í notkun þar sem því verður við komið.
- Umferð um vatnsverndarsvæði verði takmörkuð.
- Útivistarsvæðin verði öll gerð aðgengileg, skipulögð og merkt.
- Glerárdalur verði hreinsaður, ræktaður upp, hóflega beittur og skipulagður til útivistar.
- Ráðnir verði landverðir.

### **Lífsgæði fyrir fjölskyldur**

- Selja vegabréf fyrir fjölskyldur sem veitir aðgang í sund, á skíði og á skauta.
- Lengdur opnunartími í Glerár- og Akureyrarsundlaug.
- Gjaldfrjáls leikskóli með tekjustofna frá ríki eins og aðrir skólar.
- Fjölbreyttir skólar, en ekki einkavæddir.
- Hollar og ókeypis skólamáltíðir.
- Áfram verði unnið að þróun góðs skólastarfs.
- Unnið verði gegn skerðingu náms í framhaldsskólum.
- Íþróttaiðkun stúlkna fái sama vægi og íþróttaiðkun drengja.
- Afrekssjóður notaður til að styrkja afreksmenn.
- Unglingum í afreksíþróttum verði greidd vinnuskólalalaun vegna sumarþjálfunar.
- Löguð verði gólf í Íþróttahöllinni og KA-húsi og gert verði við leka í Íþróttahöllinni.
- Strax verði farið í framkvæmdir vegna landsmóts UMFÍ 2009.
- Sveigjanlegri vinnutíma hjá stofnunum Akureyrarbæjar svo auðveldara sé að samræma atvinnu- og fjölskylduábyrgð.
- Strax verði byggð aðstaða fyrir fimleika við Glerárskóla.
- Byggt verði íþróttahús við Giljaskóla.
- Akureyrarbær hlúi að starfsemi íþróttafélaga og annara félaga sem vinna að æskulýðs-, menningar- og tómstundamálum.
- Styrkja þjónustusamninga við íþróttafélög á faglegum grunni til að félögin standi undir rekstri sínum.
- Efla Alþjóðastofu og ljúka við stefnumörkun í málefnum nýrra Íslendinga á árinu 2006.
- Auka framboð íslenskukennslu hjá Alþjóðastofu fyrir alla nýja Íslendinga á viðráðanlegu verði.
- Markviss stuðningur við móðurmálskennslu tvítýngdra barna.
- Styðja enn frekar við Menntasmiðjuna, Punktinn og Húsið og tengja við forvarnastarf.
- Forvarnafulltrúi starfi með öllum nefndum bæjarins og vinni að auknu samstarfi allra aðila í áfengis- og vímuvörnum.

- Aðstaða siglingaklúbbsins Nökkva verði stórbætt.
- Aðstaða fyrir skátastarf verði stórbætt.
- Fyrsti áfangi Naustaskóla tekinn í notkun 2008.

#### **Atvinna - Tækifæri fyrir alla**

- Greiða götu nýrra iðnfyrirtækja.
- Standa við bakið á fyrirtækjum í bænum svo þau geti eflst og dafnað.
- Koma upp þekkingarþorpi í samvinnu við Háskólann og styðja við ný atvinnutækifæri brautskráðra nemenda.
- Vinna markvisst að eflingu lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem gefa báðum kynjum jöfn tækifæri.
- Endurvekja sjóflutninga til og frá Eyjafirði svo möguleiki verði á milliliðalausum inn- og útflutningi.
- Kanna þörf á stórum viðlegukanti fyrir skemmtiferðaskip og eftir atvikum önnur skip við Torfunef.
- Efla Norðurorku svo fyrirtækið geti boðið heimilum og atvinnufyrirtækjum næga orku á samkeppnishæfu verði.
- Norðurorka verði í opinberri eign um ókomna tíð.
- Efla samstarf við atvinnulífið og háskólastofnanir um nýsköpun og þróun.
- Byggja upp alhliða björgunarmiðstöð á Akureyri á þeim grunni sem fyrir er.
- Styðja við lítil og meðalstór fyrirtæki með áherslu á atvinnustarfsemi kvenna.
- Hvetja fólk til að flytja með sér störf til Akureyrar, styðja við fólk sem vill skapa sér störf sjálft.
- Fullnýta framleiðsluvörur landbúnaðar og sjávarútvegs.
- Efla FSA enn frekar, flytja út þekkingu og veita sjúklingum þjónustu á alþjóðlegum grundvelli.
- Stofna líknardeild, stækka geðdeild, bæklunardeild og bæta legurými fyrir börn og ungmenni með geðraskanir.
- Fjölga opinberum störfum á Akureyri.
- Akureyrarbær komi með beinum hætti að stofnun orkuháskóla á Akureyri.
- Uppbygging alhliða fræðslu- og rannsóknarmiðstöðvar um lífríki Norðurslóða við Háskólann á Akureyri.
- Náttúrugripasafn verði opnað í anddyri menningarhúss.

#### **Metnaðarfullt menningarlíf**

- Vinna að byggingu menningarhússins og hefja starfsemi þess á kjörtímabilinu.
- Sjá til þess að ríkið leggi fé til reksturs menningarhúss á Akureyri á sama hátt og til rekstrar tónlistarhúss í Reykjavík.
- Tvö ársverk í starfslaun bæjarlistamanna.
- Vinna að framtíðarskipan myndlistarmenntunar á Akureyri með það að markmiði að koma hluta hennar á háskólastig.
- Sveitarfélagið taki aftur yfir rekstur Listasafnsins.
- Efla Tónlistarskólann enn frekar, hann er ein af máttarstöðum menningarlífs í héraðinu.
- Styðja vel við Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.
- Koma fjölbreyttri menningu nýrra Akureyringa á framfæri.
- Efla menningarstarf fyrir börn og með börnum.
- Leikstarfsemi áhugamanna fái inni í opinberu húsnæði.
- Gera upp og varðveita gömul og sögufræg hús og koma þeim í notkun.
- Sveitarfélagið skoði möguleika á að koma upp vinnustofuklasa listamanna, m.a. til að létta undir með þeim sem vilja bjóða íbúum bæjarins listnám.

#### **Ferðapjónusta er framtíðin**

- Lengja Akureyrarflugvöll þannig að beint farþega- og fraktflug til útlanda geti verið með reglubundnum hætti.
- Styrðja af alefli uppbyggingu lifandi miðaldasafns á Gásum í tengslum við fornleifauppgröft þar.
- Efla viðburðatengda ferðapjónustu og vinna að uppsetningu söguskilta í því sambandi.
- Vinna að uppbyggingu listahátíðar á Akureyri á grunni Listasumars.
- Stuðla að uppsetningu og rekstri krambúðar í stíl 19. aldar í Innbænum.
- Akureyri verði fremst í flokki í ferðapjónustu fyrir fatlaða.
- Nýta og útfæra möguleika sem opnast með beinu flugi til útlanda, Héðinsfjarðar- og Vaðlaheiðargöngum til kynningar og sölu á þjónustu og hráefni.
- Skipuleggja strandlengjuna sunnan Torfunefsbyggju með bátaleigu, stangveiði og aðra sjávar tengda starfsemi fyrir augum.
- Efla Iðnminjasafnið, Flugsafnið, Nonnasafn og Minjasafnið og auka aðdráttarafl þeirra fyrir heimafólk og ferðamenn.
- Ylströnd í Innbæinn með baðhúsum og leiktækjum.
- Bæta samgöngur til Hríseyjar og markaðsetja hana á ný sem „Perlu Eyjafjarðar“.
- Kynna Lystigarðinn og endurbæta fyrir 100 ára afmælið.

#### **Gegnsæ stjórnsýsla**

- Afnema launaleynd hjá sveitarfélaginu.
- Lokið verði við að skoða launasamninga og yfirvinnu hjá starfsmönnum sveitarfélagsins.
- Ábyrga fjármálastjórn.
- Jafnréttisfræðslu fyrir allt starfsfólk bæjarins með áherslu á stjórnendur og uppeldisstarfsfólk.
- Akureyri verði leiðandi afl í kvenfrelismálum.
- Stuðlað verði að jafnvægi milli kynja í öllum nefndum bæjarins.

#### **Skipulagsmál skipta máli**

- Sjónarmið sjálfbærrar þróunar verði samþætt allri ákvarðanatöku um skipulagsmál, rekstur og framkvæmdir strax í upphafi.
- Hægja á umferð í Listagilinu og gera það að aðlaðandi svæði.
- Skátagil verði gert aðlaðandi á árinu 2007.
- Skipuleggja heildina en ekki bara smáskika. Heildarsýn minnkar hættu á að brotið verði á íbúum.
- Fjölga 30 km íbúðahverfum.
- Göngu- og hjólreiðastígar myndi samfelld kerfi fyrir greiðar samgöngur allt árið.
- Sérstök áhersla verði lögð á að skoða gönguleiðir skólabarna og gera þær greiðar og öruggar.
- Miðhúsabraut verði byggð strax og Dalsbraut komi ekki nema nauðsyn krefji.
- Hafa samvinnu við nágrannasveitarfélögin um skipulag byggðar í Eyjafirði. Byggð á Akureyri verði í samhengi við byggð í Hörgárbyggð og Eyjafjarðarsveit.
- Fjölga íbúðum í Miðbænum. Miðbæjarskipulag styrki heildarmyndina og auki starfsemi þar.
- Heildarskipulag verði unnið fyrir ströndina við Pollinn og hugað að fjölbreyttri framtíðarnýtingu.
- Hverfisnefndir verði undantekningarlaust hafðar með í ráðum um skipulagsbreytingar. Íbúasamráð verði fest í sessi við skipulagsvinnu.
- Gera umhverfi Glerár að útivistarparadís.

Vinstri græn – hreinar línur

Hafnarstræti 98 // 600 Akureyri // sími 4623463 // 6594744 // [www.xv.is](http://www.xv.is)